

Alþingi
Erindi nr. P 135/2133
komudagur 10. 4. 2008



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300069/tb


Alþingi - Sjávarútvegsnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 147. mál

Vísað er í bréf frá Sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 11. mars 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 147. mál, brottfall laganna og heildarlög. Markmið nýrra laga um stjórn fiskveiða skulu vera að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði óvæfengjanleg sameign íslensku þjóðarinnar og að þau tryggi verndun, sjálfbærni og hagkvæma nýtingu sjávarauðlinda og lífríkis sjávar, sem og trausta atvinnu og byggð í landinu öllu.

Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til þeirra þátta framangreinds frumvarps sem ekki falla undir hlutverk stofnunarinnar svo sem eignarhald á nytjastofnum á Íslandsmiðum og traust atvinnu. Í ljósi þeirra laga sem Umhverfisstofnun vinnur eftir svo sem laga um náttúruvernd og annarra laga á sviði umhverfismálal sem gilda á íslensku landi, í landhelgi og efnahagslögsögu, leggur stofnunin mikla áherslu á að nýting alls lífríkis í hafinu sé sjálfbær og að önnur umgengni um hafið og hafsbotninn, svo sem efnistaka og losun mengunarefna, sé með þeim hætti að ekki valdi tjóni á lífríki hafsins eða öðrum náttúruminum í hafinu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri


Trausti Baldursson